

Annáll efnahagsmála

2003

Janúar

Staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts og útsvars árið 2003 hélst nær óbreytt frá árinu 2002, eða 38,55% samanborið við 38,54% 2002. Þar af nam tekjuskattur til ríkissjóðs 25,75% og staðgreiðsla útsvars 12,80%. Skattleysismörk hækkuðu frá 1. janúar úr 809.611 kr. í 835.019 kr., eða um 3,1%. Mörk sérstaks tekjuskatts hækkuðu um 15% frá fyrra ári.

Bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækkuðu um 3,2%.

Þá lækkaði eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja þannig að hann varð 0,6% af hreinni eign er nemur meira en 4.720.000 krónum og 9.440.000 krónum hjá hjónum, en áður hafði hann numið 1,2% og hækkað í 1,45% á hreina eign umfram 6.332.500 og 12.665.000 hjá hjónum.

Einnig hækkuðu barnabætur frá 1. janúar um 2,75% og skerðing bóta vegna tekna var rýmkuð. Tekjumörk skerðingar hækkuðu um 4% og hlutfall skerðingar með einu barni lækkaði úr 4 í 3%, með tveimur börnum úr 8 í 7% og með þremur börnum eða fleiri úr 10 í 9%. Þetta var síðasti áfanginn af þremur í hækkun barnabóta.

Gjald á áfengi og tóbak hækkaði frá áramótum. Áfengisgjald á sterku víni hækkaði um 15% og tóbaksgjald um 27,7% en á móti lækkaði álagning ÁTVR úr 17% í liðlega 11%. Þannig hækkaði smásöluverð á sterku víni um nálega 10% og á tóbaki um 12% að jafnaði. Tekjuauki ríkissjóðs var áætlaður 1.100 m.kr. á ársgrundvelli og áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs voru talin nema innan við 0,3%.

Í ársbyrjun 2003 féll niður skattafsláttur vegna fjárfestinga í hlutabréfum.

Tryggingagjald hækkaði um 0,5% frá 1. janúar.

Hinn 3. janúar var samningur undirritaður um kaup Samsons ehf. á 45,8% hlut í Landsbankanum.

Hinn 16. janúar var undirritaður samningur um kaup á 45,8% hlut í Búnaðarbankanum við hóp fjárfesta.

Hinn 30. janúar úrskurðaði Jón Kristjánsson settur umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Norðlingaölduveitu.

Febrúar

Í febrúarmánuði ákvað Landsvirkjun að hefja framhaldsviðræður við Norðurál um orkuöflun vegna stækkunar álversins á Grundartanga. Jafnframt héldu áfram viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja en ætlunin er að orkuöflun vegna stækkunar álvers Norðuráls verði samstarfsverkefni orkufyrirtækjanna þriggja.

Stýrivextir Seðlabanka voru lækkaðir um 0,5% frá 18. febrúar, úr 5,8% í 5,3%.

Hinn 25. febrúar var gengið frá sölu ríkissjóðs á 2,5% eftirstöðvum af hlut hans í Landsbanka Íslands hf.

Mars

Hinn 7. mars var gengið frá sölu ríkissjóðs á 9,11% eftirstöðvum af hlut hans í Búnaðarbanka Íslands hf. Þar með lauk endanlega eignaaðild ríkisins að viðskiptabönkunum. Uppstokkun varð á eignarhaldi í bankanum fljótlega í kjölfarið sem leiddi til sameiningar hans við Kaupþing banka hf.

Alþingi samþykkti lög um stækkun álbræðslu á Grundartanga og lög til að afla iðnaðarráðherra heimilda vegna gerðar Norðlingaölduveitu, stækkunar Nesjavallavirkjunar og byggingar nýrrar jarðvarmavirkjunar til raforkuframleiðslu á Reykjanesi.

Hinn 14. mars voru samþykkt fjárukalög sem mæltu fyrir um 6,3 milljarða fjárveitingu til að flýta ýmsum ríkisframkvæmdum. Þar af komu 4,7 milljarðar til útgjalda á árinu 2003 og ætlað var að 1,6 milljarðar til viðbótar komi til gjalda á árinu 2004. Jafnframt var hrint í framkvæmd áætlun um menningarhús og fé til atvinnuþróunar aukið. Gert var ráð fyrir að selja það sem eftir var af hlut ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands og í Landsbanka Íslands, svo og eignarhlut ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum til að fjármagna framlög til vegaframkvæmda og til atvinnuþróunar, en að framlög til menningarhúsa yrðu fjármöggnuð með tekjum af þegar seldum eignum. Áætlað var að sala eigna skilaði 2,6 milljörðum króna viðbótartekjum.

Hinn 15. mars var undirritaður samningur milli Alcoa og Landsvirkjunar um byggingu álvers í Reyðarfirði. Þar með var endanlega ákveðið að fara í framkvæmdir við byggingu virkjunar við Kárahnjúka og byggingu álvers á Reyðarfirði.

Hinn 31. mars staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Íslands, AA- fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt, AAA fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og F1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt. Horfum á mati langtímaskuldbindinga var breytt úr neikvæðum í stöðugar.

Apríl

Hinn 15. apríl birti fjármálaráðuneytið nýja þjóðhagsspá fyrir árin 2003 og 2004 auk framreikninga fram til ársins 2010. Þar var m.a. gert ráð fyrir að hagvöxtur tæki verulega við sér á árinu 2003 sem markaði jafnframt upphaf á nýju hagvaxtarskeiði. Spáð var að hagvöxtur yrði 2¾% árið 2003, verðbólga 2% og atvinnuleysi 3%.

Mái

Kosningar til Alþingis fóru fram 10. maí. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fékk meirihlutafylgi í kosningunum og situr áfram. Hún gaf út nýja stefnuyfirlýsingu 23. maí.

Formlegum undirbúningi að sameiningu Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands lauk þann 26. maí eftir að hluthafar bankanna tveggja höfðu samþykkt samrunann. Samruninn var samþykktur af Fjármálaeftirlitinu daginn eftir.

Júní

Hinn 19. júní skýrði matsfyrirtækið Standard & Poor's frá því að það staðfesti allar lánshæfiseinkunnir Íslands, þar með taldar einkunnirnar AA+/A-1+ fyrir lán í íslenskum krónum og A+/A-1+ fyrir lán í erlendri mynt. Fyrirtækið telur horfur um lánshæfiseinkunnir vera stöðugar.

Júlí

Hinn 3. júlí gaf sjávarútvegsráðherra út reglugerð um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2003/2004. Ákvörðunin um leyfilegan heildarafla fól í sér liðlega 11,3% aukningu aflamagns frá fyrra fiskveiðiári í þorskígildum talið. Aflaverðmæti var talið verða liðlega 8 milljörðum herra en ella og útflutningsverðmæti 12,5 milljörðum meira en á fyrra ári.

Sama dag gaf sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð um heildarúthlutun á kolmunna fyrir árið 2003 sem felur í sér aukningu úr 318 þúsund tonnum í 547 þúsund tonn.

Hinn 4. júlí var gengisskráningarvog krónunnar endurskoðuð. Vægi Evrópu jókst um 0,4% í 70,7%, vægi Ameríku lækkaði um 0,24% í 25,82% og vægi Japans lækkaði um 0,17% í 3,48%.

Ágúst

Hinn 6. ágúst gaf sjávarútvegsráðherra út reglugerð um hvalveiðar í vísindaskyni. Veiðin er hluti af rannsóknarverkefni til tveggja ára, en á þeim tíma var ætlað að veiða 100 hrefnur, 100 langreyðar og 50 sandreyðar á hvoru ári. Þó var einungis leyft að veiða 38 hrefnur árið 2003.

Ríkisreikningur 2002 var gefinn út 21. ágúst. Rekstrarafgangur af venjubundinni starfsemi ríkissjóðs fyrir árið 2002 nam 6,5 milljörðum króna samanborið við 16,6 milljarða króna árið 2001. Er þá ekki tekið tillit til tilfallandi tekna svo sem af sölu eigna né tilfallandi gjalda eins og lífeyrisskuldbindinga og áætlaðra afskrifta skattkrafna. Heildargjöld ríkissjóðs, að meðtöldum tilfallandi gjöldum, voru 8,1 milljarði hærri en heildartekjurnar eða sem nemur um 3,1% af tekjum. Er það 16,8 milljarða óhagstæðari niðurstaða en árið áður, þegar afkoman var jákvæð um 8,6 milljarða króna. Verri afkoma á árinu 2002 samanborið við árið á undan skýrist einkum af mun meiri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og hærri afskriftum skattkrafna, en mjög erfitt er að áætla þessar stærðir af nákvæmni fyrirfram. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 16,3 milljörðum króna á árinu 2002 samanborið við 2,6 milljarða króna árið 2001 og afskriftir skattkrafna námu 10,1 milljarði króna á móti 5,9 milljörðum króna árið á undan. Hreinar skuldir í árslok 2002 námu 149,5 milljörðum króna samanborið við 168,8 milljarða króna í árslok 2001. Hreinar skuldir ríkissjóðs hafa því lækkað á milli ára um sem nemur 19,3 milljörðum króna.

September

Hinn 5. september samþykkti stjórn Landsvirkjunar að fresta byggingu Norðlingaölduveitu. Áætlun um byggingu veitunnar hafði miðast við að afhenda mætti orku til Norðuráls fyrir lok ársins 2005 og að verkinu lyki áður en framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers á Reyðarfirði næðu hámarki.

Október

Hinn 1. október lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Tekjur voru áætlaðar 279,4 milljarðar króna, gjöld 273 milljarðar og tekjuafgangur 6,4 milljarðar.

Hinn 1. október birti fjármálaráðuneytið nýja þjóðhagsspá fyrir árin 2003-2005 auk framreikninga fram til ársins 2010. Þar kom m.a. fram að horfur séu á umtalsverðum hagvexti hér á landi á næstu árum. Spáð var að hagvöxtur yrði 1¾% árið 2003, verðbólga 2% og atvinnuleysi 3¼.

Hinn 16. október féll dómur í Hæstarétti þess efnis að öryrkjum skyldi greiða rýmri bætur en ákveðnar höfðu verið með lögum nr. 3/2001. Þau lög voru sett í kjölfar dóms Hæstaréttar frá desember 2000.

Nóvember

Hinn 27. nóvember voru samþykkt lög um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts af díselbifreiðum hækkaði um 8% svo og almennt og sérstakt vörugjald af bensíni um sömu prósentu. Viðbótartekjur ríkissjóðs af

umræddum hækkunum eru taldar nema um einum milljarði króna á ári. Þar af nema tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar, þ.e. sérstöku vörugjaldi af bensíni og þungaskatti, samtals 850 millj.kr.

Fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts hækkaði síðast 11. febrúar 2001, og hefur vísitala neysluverðs hækkað um 13,1% frá þeim tíma. Með lögum nr. 86/1999 var í október það ár tekið upp fast gjald í krónum á bensín í stað hlutfallsgjalds, 10,50 krónur á hvern lítra og auk þess sérstakt bensíngjald sem rennur til vegagerðar, 28,60 krónur á hvern lítra af blýlausu bensíni og 30,43 krónur á hvern lítra af öðru bensíni. Frá þeim tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 18,6%. Almennt vörugjald af bensíni var tímabundið lækkað um 1,55 krónur frá 4. apríl til loka júní 2002. Eftir hækkun er almennt bensíngjald 11,34 krónur, og sérstök bensíngjöld 30,89 og 32,86 krónur.

Desember

Hinn 2. desember kynnti Seðlabankinn nýjar reglur um bindiskyldu fjármálafyrirtækja (lánastofnana). Þetta er síðari hlutinn af breytingum á bindiskylduhlutfalli og bindiskyldugrunni sem miðar að því að gera starfsumhverfi hérlendra fjármálafyrirtækja sambærilegt við það sem ríkir í flestum löndum Evrópu. Fyrri áfangi þessara breytinga var kynntur 28. febrúar sl. og tók gildi í mars en þá voru bindihlutföll lækkuð nokkuð. Í þessum síðari áfanga eru reglur um bindigrunn og bindihlutfall færðar til samræmis við reglur sem Seðlabanki Evrópu hefur sett lánastofnunum sem starfa í aðildarlöndum Efnahags- og myntbandalags Evrópu. Reglurnar tóku gildi 21. desember 2003.

Síðari fjárukalög 2003 voru afgreidd frá Alþingi 2. desember. Tekjur hækkuðu um 6,4 milljarða, gjöld um 12,6 milljarða og tekjujöfnuður lækkaði um 6,2 milljarða. Af aukningu gjalda fóru 5 milljarðar til heilbrigðis- og tryggingamála, 2,3 milljarðar til félagsmála og 1,2 milljarðar til menntamála.

Hinn 5. desember voru fjárlög 2004 afgreidd frá Alþingi. Heildartekjur námu 282 milljörðum króna, gjöld 275,3 milljörðum og tekjujöfnuður 6,7 milljörðum en hann hafði þá hækkað um 0,3 milljarða frá fjárlagafrumvarpi.

Hinn 16. desember uppfærði matsfyrirtækið Standard & Poor's horfur um lánshæfiseinkunn Íslands frá stöðugum í jákvæðar. S&P hefur jafnframt staðfest allar lánshæfiseinkunnir Íslands svo sem A+/A-1+ fyrir lán í erlendri mynt og AA+/A-1+ fyrir lán í íslenskum krónum. Lánshæfiseinkunn Íslands hjá S&P hefur verið lakari heldur en hjá öðrum matsfyrirtækjum. Uppfærðar horfur gefa þó til kynna að einkunn S&P muni færast nær þeirri einkunn sem önnur matsfyrirtæki gefa Íslandi. S&P leggur meiri þunga á skuldastöðu í sínu mati heldur en önnur matsfyrirtæki og segir S&P að það sem stendur í vegi fyrir hækkun lánshæfismatsins séu miklar erlendar skuldir þjóðarinnar ásamt skuldbindingum og ábyrgðum stjórnvalda utan fjárlaga.